

## Tillaga til ályktunar

Nýjustu rannsóknir í loftslagsmálum sýna að næstu fimm til tíu ár skipta öllu máli fyrir mannkynið. Á þessum árum mun ráðast hvort við náum að stemma stigu við hlýnun jarðar eða fást við skelfilegar afleiðingar.

Flokksstjórn Samfylkingarinnar krefst þess að stjórnvöld ráðist í metnaðarfullri aðgerðir gegn hlýnun jarðar og tekur undir kröfu ungmenna um allan heim að 2,5% af þjóðarframleiðslu renni beint í slíkar aðgerðir. Flokksstjórn telur enn fremur nauðsynlegt að hækka kolefnisgjaldið og felur þingflokki Samfylkingarinnar að leggja fram frumvarp þess efnis.

Milliríkjanefnd Sameinuðu þjóðanna um loftslagsmál reiknast til að verja þurfi 2,5% af heimsframleiðslu til loftslagsmála á ári, til ársins 2035 til að halda hlýnun innan við 1,5 gráður. Evrópusambandið áætlað að 25% af fjármagni stofnunarinnar verði varið í loftslagsmál til ársins 2027. Núverandi áætlun stjórnvalda á Íslandi er upp á 0,05% af þjóðarframleiðslu á ári næstu fimm árin. Við krefjumst þess að Ísland taki af skarið, hlusti á vísindamenn og stefni að því að 2,5% af þjóðarframleiðslu renni beint til loftslagsaðgerða hvort sem horft er til aðgerða í samgöngu- eða orkumálum, skipulagsmálum eða landbúnaði, rannsóknum eða nýsköpun.

Íslenskt atvinnulíf verður sömuleiðis að axla samfélagslega ábyrgð og taka markviss skref til að minnka kolefnisspor sitt.

Sjálfbærni skapar atvinnu og bjargar plánetunni. Það er ekki eftir neinu að bíða.

Flutningsmaður: Óskar Steinn Ómarsson